

Harpa á tímamótum

Eftir Halldór Guðmundsson

Snemma vors 2009 tóku ríkisstjórn Íslands og Reykjavíkurborg þá framsýnu, en sannarlega ekki óumdeildu ákvörðun að ljúka við byggingu tónlistar- og ráðstefnuhússins Hörpu. Ella hefði orðið að rífa hana eða hún hefði staðið eins og skemmd tónn í hafnarkjafi Reykjavíkur, minnisvarði um allt það versta við þensluna fyrir hrun. Skuldbindingin sem Íslenskir skattborgarar tóku á sig til að ljúka byggingunni nam um 18 milljörðum króna, en sama ár voru heildartekjur ríkissjóðs um 440 milljarðar.

Nákvæmlega hundrað árum fyrr var Safnahúsið við Hverfisgötu opnað sem hýsti meðal annars Landsbókasafn Íslendinga. Kostnaður við byggingu ásamt innréttinum nam 220 þúsund krónum, en á þessum árum voru heildartekjur landssjóðs um ein milljón á ári. Húsið var byggt í ráðherratið Hannesar Hafstein. Jón Jakobsson landsbókavörður sagði um framkvæmdina í ritgerð tíu árum eftir opnun: „Honum var jafnkunnugt sem oss hinum, sem þá áttu sæti á þingi, hvílk heljar grýla bókasafns-húsið var í augum ýmissa sparnaðarmanna á þinginu bæði lærðra og leikra, sem óttuðust auðn í landssjóði ef farið væri að eyða fé í hundruðum þúsunda í svo „óarðbært“ fyrirtæki sem húsaskjól fyrir bókmenntir, vísindi og listir.“ En strax þessum áratug síðar var vandfundinn sá maður sem taldi það peningasóun að slá utan um bókakost þjóðarinnar.



Halldór Guðmundsson

Þjóðleikhúsið reis á fyrstu árum kreppunnar miklu á fjórða áratugnum en ekki var lokið við bygginguna fyrr en eftir seinni heimsstyrjöld. Eins og Safnahúsið var það byggt vel við vöxt og bar vitni um háleita drauma; þessi bygging var álfaborg í huga Guðjóns Samúelssonar húsameistara, skrifaði Jónas frá Hríflu: „Inn í þessa nýju kletta-

borg átti þjóðin að ganga og kynna ævintýrum í nýjum síð.“ Harðar deilur stóðu um húsið og alþingi stöðvaði byggingu þess um tíu ára skeið, en þær raddir þögnuðu fljótt eftir að húsið var opnað. Varla getur nokkur maður hugsað sér höfuðborgina án Þjóðleikhússins.

Hér verður ekki rakin byggingasaga Listasafns Íslands nema til að minna á að bókmenntir, leiklist og myndlist höfðu öll eignast hús við hæfi þegar loks var ráðist í byggingu tónlistarhúss með Hörpu. Vel má vera að húsið sé of stórt, og það hefur sannarlega verið „heljar grýla sparnaðarmönnum“, en mun einhver spyrja að því eftir áratug eða svo, ef vel tekst til við rekstur þess?

Í sumar urðu harðar og um margt skiljanlegar umræður um taprekstur á fyrsta starfsári hússins og flókna félagaupbyggingu þess. Hið fyrrnefnda hygg ég að sé nánast óhjákvæmilegt fyrst eftir opnun húsa á borð við Hörpu, hið síðarnefnda á rætur til þess að bygging hússins var upphaflega einkaframkvæmd, samkvæmt samkomulagi við ríki og borg, og allir samningar um það flóknir og félög-in of mörg. Engu að síður er það

» En mestu skiptir að þjóðin líti á Hörpu sem sitt hús, sitt félagsheimili, og sýni það sínum gestum – sæki það heim eins þótt það eigi ekki erindi.

Þetta stjórnarfolk, ásamt byggingameisturum og starfsfólki Hörpu, sem sá til þess að húsið var opnað með glæsibrag vorið 2011 og var sótt heim af einni milljón manna fyrstu 12 mánuðina sem það var opið. Frá opnun og þar til nú hafa verið haldnir næstum 600 listviðburðir í húsinu, og skiptast nokkuð jafnt á milli rafmagnaðra tónleika og órafmagnaðra; næstum 400 þúsund manns hafa sótt tónleika í húsinu, og eru þá ekki taldir með ókeypis tónleikar í opnum rýmum Hörpu. Mikill fjöldi hefur líka sótt ráðstefnur, fundi og veislur í Hörpu og enn fleiri hafa komið bara til að skoða þetta stærsta útilistaverk Íslands, taka myndir, fara á netið, fá sér kaffi eða að borða eða bara rölta um.

Af þessu verður engin önnur ályktun dregin en sú að þorra þjóðarinnar þykir gaman að koma í þetta hús og nýtir sér það óspart. En ekki hafa allir jafn gaman af að borga með því og eðlilegt að spurt sé um tapreksturinn, sem nemur hátt í 500 milljónum á þessu fyrsta heila starfsári. Þá er fyrst til að taka að fasteignagjöldin íþyngja rekstrinum mjög, þau eru næstum ein milljón á dag, og svo fer því líka fjarri að tekjustofnar hússins séu fullnýttir. Til þess þarf lengri tíma, svolitla þolinmæði og hagnafeldan rekstur. En nú hafa verið

tekin stór skref til einföldunar félagaupbyggingarinnar. Félagin Tótus, Agó og Portus hafa verið sameinuð í félag sem ber einfaldlega heitið Harpa. Ennfremur stendur til að fella félagið Austurhöfn inn í þá samsteypu, og þá mun eftir standa eitt félag um rekstur hússins; lóðirnar í kring verða hins vegar í sér félagi, enda umsýsla þeirra ótengd rekstri Hörpu. Þá hefur verið höfðað mál til að fá fram réttláta álagningu fasteignagjalda sem aldrei hafði verið gert ráð fyrir að yrðu svona há. Blásið hefur verið til sóknar á ráðstefnuviði, og liggur þegar fyrir að bókanir á næsta ári, 2013, eru helmingi fleiri en á því ári sem er að líða. Harpa er að komast á kortið í alþjóðlegu ráðstefnuhaldi. Von er á nýrri tónlistarhátt, raftónlistarháttinn Sónar, í húsið snemma á næsta ári svo það verður hvergi slegið slöku við í músiskinni.

Enda þótt mikið átak sé framundan í rekstri hússins verður að varast óraunhæfar kröfur. Það er ekki hægt að setlast til að tónlistarmenn borgi meira fyrir aðstöðuna í húsinu en þeir gera nú þegar, þá mun tónleikum einfaldlega fækka og húsið ekki nýtast þeim sem það var byggt fyrir. Það er líka rétt að gera sér grein fyrir því að um 80% af ráðstefnuhúsum heimsins eru í opinberri eigu, og helmingur þeirra nýtur fjárframlaga frá sínum sveitarfélögum. Skýringin er einföld, svo tekið sé dæmi af Hörpu: Ekki er óvarlegt að áætla að 500 manna ráðstefna, sem stæði hér í 6 daga, myndi skapa 300 milljóna tekjur hjá þeim sem annast umsýslu ferðamanna, hjá flugfélögum, hótelum, veitingahúsum, verslunum o.s.frv. Af þessari upphæð rynnu líklega 10 milljónir til Hörpu, eða rösklega 3%.

Margar borgir kjósa því að greiða fyrir ráðstefnum, beint eða óbeint, vegna þeirra margvíslegu tekna sem þær færa samfélaginu. Á þetta er minnt ekki til að mæla með að sú leið verði farin hér, heldur til þess að undirstrika að það verður að horfa á rekstur Hörpu í stóru samhengi og út frá því hvaða tekjur húsið skapar og hvað það hefur að bjóða þjóðinni og gestum hennar. Ég er sannfærður um að til þess er fullur vilji hjá eigendum hússins, ríki og borg, og jafnframt hinum raunverulegu eigendum, íslenskum almenningi. Það er hægt að bæta reksturinn verulega á næstu árum eins og ný langtímaáætlun sýnir, því hún gerir ráð fyrir að hægt sé að minnka tapreksturinn um meira en helming á næstu fjórum árum, og jafnvel um 80% fáiast þó ekki væri nema þriðjungs leiðrétting á fasteignagjöldum. Lækki þau um helming, ætti húsið að geta orðið sjálfbært upp úr 2016.

Húsaskjól fyrir tónlist, mannlíf og menningu verður seint arðbært – en það getur geymt upplifun þeim sem það sækja sem er ofar öllum fjárhagslegum mælikvörðum, rétt eins og bæði Safnahúsið og Þjóðleikhúsið og önnur menningarhús okkar hafa gert. Það veltur hvorki á gleri né steypu, heldur þeim listamönnum sem gera það að vettvangi sínum. Nú þegar hafa lagt leið sín til landsins stórkostlegir tónlistarmenn, sem ekki hefðu komið fram á Íslandi hefði Hörpu ekki notið við. En mestu skiptir að þjóðin líti á Hörpu sem sitt hús, sitt félagsheimili, og sýni það sínum gestum – sæki það heim eins þótt það eigi ekki erindi.

Höfundur er forstjóri Hörpu.